

17. desember 2009

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, GENF, 17.
DESEMBER 2009**

FRÉTTATILKYNNING ⁽¹⁾

Ráðherrar EFTA-ríkjanna ræddu stöðu mála og horfur að því er varðar verslunarsambönd EFTA við samstarfsríki víða um heim. Þeir fengu til fundar við sig Mladan Dinkić, efnahags- og byggðaðróunarráðherra Lýðveldisins Serbíu, og Sejdi Qerimaj sendiherra, fastafulltrúa Lýðveldisins Albaníu gagnvart Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í Genf, og undirrituðu ásamt þeim fríverslunarsamninga EFTA og Serbíu og EFTA og Albaníu.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með að lokið væri samningaviðræðum við Perú. Þeir sögðu gleðilegt hversu góður árangur hefði náðst í yfirstandandi viðræðum við Indland og Úkraínu og væntu mikils af viðræðum við Hong Kong og Indónesíu. Ráðherrarnir lýstu yfir vilja til að undirrita sameiginlega yfirlýsingu um samstarf við Malasíu og að hefja samstarf við Víetnam um sameiginlega hagkvæmnikönnun.

Fundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna var haldinn í Genf í Sviss 17. desember 2009 undir forsæti utanríkisráðherra Liechtensteins, Aurelia Frick.

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra undirrituðu fríverslunarsamninga við **Serbíu** og **Albaníu** ásamt annars vegar Mladan Dinkić, efnahags- og byggðaðróunarráðherra Lýðveldisins Serbíu, og hins vegar Sejdi Qerimaj sendiherra, fastafulltrúa Lýðveldisins Albaníu gagnvart Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í Genf. Þeir kváðu ánægjulegt að viðskipta- og efnahagssambönd EFTA-ríkjanna og ríkjanna í Suðaustur-Evrópu hefðu haldið áfram að eflast.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með lok samningaviðræðna við Perú og sögðust vænta þess að geta undirritað þann samning sem allra fyrst. Þeir sögðu ánægjulegt hversu mikill árangur hefði náðst í viðræðum við **Úkraínu** og lýstu þeirri von að þeim mætti ljúka á fyrra helmingi ársins 2010. Ráðherrarnir vöktu athygli á að viðræðum við **Indland** hefði miðað áfram og ítrekuðu að mikil áhersla yrði lögð á þær á næstunni. Þeir sögðu jafnframt æskilegt að viðræður við **Alsír** og **Tailand** hæfust á ný sem allra fyrst.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með að hafnar hefðu verið viðræður við **Hong Kong** í janúar og að viðræður við **Indónesíu** hæfust í upphafi ársins 2010. Þeir sögðu fagnaðarefni að undirrituð yrði sameiginleg yfirlýsing um samstarf við **Malasíu** og að samstarf við **Víetnam** um sameiginlega hagkvæmnikönnun hæfist snemma á næsta ári. Ráðherrarnir ræddu nýlega framvindu mála að því er varðar **Rússland** og samþykktu að ljúka fljótlega undirbúningi að samningaviðræðum við það ríki svo að þær gætu hafist snemma á árinu 2010. Þá var samþykkt á grundvelli samráðs, sem nýlega fór fram á ráðherrastigi, að bjóða **Panama** að undirrita sameiginlega yfirlýsingu um samstarf.

(¹) Ópinber þýðing EFTA-skrifstofunnar úr ensku.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt hversu mikill árangur hefði náðst í sérstökum starfshópi EFTA-ríkjanna um viðskipti og umhverfismál og væri skýrslu að vænta á fyrsta fjórðungi næsta árs. Þeir veittu sérstökum starfshópi um reglur fríverslunarsamninga um félagsleg réttindi og atvinnuréttindi umboð til að halda áfram starfi sínu.

Ráðherrarnir sögðu ánægjulegt að efnahagur heimsins sýndi nú batamerki og lýstu varfærnislegri bjartsýni um horfur til meðallangs tíma. Með vísan til þeirra umtalsverðu áhrifa sem fjármálakreppan í heiminum hefur haft á umfang viðskipta lögðu ráðherrarnir áherslu á mikilvægi þess að búa við traust kerfi fyrir milliríkjaviðskipti sem staðið gæti af sér tilhneigingar til verndarstefnu, og ítrekuðu stuðning EFTA-ríkjanna við störf Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í tilefni af nýafstöðnum ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Genf sögðu ráðherrarnir áriðandi að ljúka viðræðum í Doha-lotu stofnunarinnar og lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að kanna stöðu mála snemma á árinu 2010 í því skyni að ýta undir frekari árangur.

Ráðherrarnir áttu einnig fund með þingmannanefnd EFTA og fóru þar fram gagnleg skoðanaskipti um þróun að því er varðar stefnu EFTA-ríkjanna gagnvart þriðju löndum.

Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:

Liechtenstein: Aurelia Frick, utanríkisráðherra

Ísland: Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra

Noregur: Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra

Sviss: Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins
